

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Bakkafjörð nr. 302/1972  
sbr. reglugerð nr. 187/1972.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Höfnin takmarkast af beinni línu sem hugsast dregin úr Svartnesi í Fossá í Fossdal utan við Gunnólfsvíkurfjall.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69/1984 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. maí 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpinu.

I. Hjóðvarp (Miðað er við krónur fyrir hvert orð)

**Flokkur 1.**

Dánartilk. jarðarfarir, tapað fundið ..... kr. 25

**Flokkur 2.**

Messur og góðgerðarstarfsemi ..... kr. 40

**Flokkur 3.**

Opinberar tilkynningar, auglýsingar fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar.

Auglýsingar um verslun og viðskipti sem lesnar eru kl. 09.30 og kl. 16.00 ..... kr. 70

**Flokkur 4.**

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar í hádegi og fyrir kvöldfréttir. Augl. 7.30 og 8.05 ..... kr. 85

**Flokkur 5.**

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir og auglýsingar um verslun og viðskipti lesnar á sam-  
tengdum rásum ..... kr. 175

## II. Hljóðvarp (Miðað er við krónur fyrir sekúndur)

— Rás 2 —

**Flokkur 1.**

Á daginn og fimmtudagskvöldum ..... kr. 175

**Flokkur 2.**

Næturútvarp ..... kr. 115

## III. Sjónvarp (Miðað er við krónur fyrir sekúndur)

7 sek .....	kr. 6 000
10 sek .....	— 8 000
15 sek .....	— 10 880
20 sek .....	— 13 470
25 sek .....	— 15 180
30 sek .....	— 16 920
35 sek .....	— 19 730
40 sek .....	— 21 530
45 sek .....	— 23 090
50 sek .....	— 25 610
55 sek .....	— 28 210
60 sek .....	— 30 790

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. júní 1985, þar til annað kann að verða ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 23. maí 1985.*

F. h. r.

**Árni Gunnarsson.**

*Pórunn J. Hafstein.*